



Alþýðusamband Íslands

Alþingi
Erindi nr. P 141/1238
komudagur 14.1.2013

Nefndarsvið Alþingis
við Austurvöll
150 REYKJAVÍK

Reykjavík, 14.01.2013
Tilvísun: 201212-0040

Efni: Frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 99/2010, um ívilnanir vegna nýfjárfestinga á Íslandi, með síðari breytingum. 502. mál.

Í frumvarpinu eru lagðar til breytingar á lögum nr. 99/2010 sem varða ívilnanir til nýfjárfestinga. Í fyrsta lagi snúa breytingarnar að því að afnema heimildir til beins fjárstuðnings til verkefna. Í öðru lagi snúa breytingar að því að rýmka heimildir til ívilnana í fjórum liðum.

Efnahagshrunið kom meðal annars fram í harkalegri aðlögun heimila í átt að lakari kaupmætti en ekki síst í gífurlegum samdrætti fjárfestingar, á öllum sviðum. Sá vandi er ekki einungis bundinn við Ísland en órói og óvissa í Evrópu og hagkerfi heimsins hafa dregið úr væntingum og skilyrði fyrir fjárfestingu versnað.

Alþýðusambandið leggur áherslu á skilvirkt ferli við nýfjárfestingu og tekur undir þau sjónarmið sem koma fram í 1. gr. Þörf er á hagvexti drifnum áfram í meira mæli af fjárfestingu og styður Alþýðusambandið fyrirbyggjandi breytingar á núgildandi lögum og telur að þær komi til með að styrkja samkeppnisstöðu Íslands og skapa betri grundvöll fyrir nýfjárfestingu hérlendis.

Virðingarfyllst,
Róbert Farestveit
Hagfræðingur hjá ASÍ,

Dagsetning 15. janúar 2013

Atvinnuveganefnd Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Atvinnuveganefnd Alþingis hefur óskað eftir umsögn Byggðastofnunar um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 99/2010, um ívilnanir vegna nýfjárfestinga á Íslandi, með síðari breytingum, mál 502.

Hlutverk Byggðastofnunar er að vinna að eflingu byggðar og atvinnulífs á landsbyggðinni og miðast eftirfarandi umsögn við áhrif frumvarpsins á þá þætti.

Ekki hefur verið fjallað um umsögnina í stjórn stofnunarinnar.

Byggðastofnun telur fyrirhugaðar breytingar á skatthlutföllum vegna nýfjárfestinga líklegar til að laða að nýja fjárfesta. Stofnunin telur hins vegar óæskilegt að felld sé brott heimild til að veita stofnstyrki líkt og heimilt er samkvæmt núgildandi lögum. Byggðastofnun telur að við heildarendurskoðun laganna á næsta ári þurfi að huga betur að tækifærum til að beita ákvæðum varðandi fjárfestingar til að reyna að hafa áhrif á þróun byggðar.

Virðingarfyllt

Guðmundur Guðmundsson
Sérfræðingur á þróunarsviði
Byggðastofnunar.



Alþingi
Erindi nr. Þ 141/1232
komudagur 11.1.2013

UMSÖGN

Um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 99/2010 um ívilnanir vegna nýfjárfestinga á Íslandi

Fjárfestingarsviði Íslandsstofu hefur borist ofangreint frumvarp til umsagnar. Því er út af fyrir sig fagnað að þær breytingar sem hér eru lagðar til, virðast taka mið af þeirri staðreynd að rýmka beri ákvæði ákveðinna greina frumvarpsins og laga það betur að þeim veruleika sem Ísland stendur frammi fyrir varðandi beina erlenda fjárfestingu.

Fátt er mikilvægt fyrir endurreisn íslensks efnahagslífs að mati flestra, en fjölþætt bein erlend fjárfesting. Áhugi erlendra fjárfesta er einnig fyrir hendi úr mun fjölþættari atvinnugreinum en hingað til hefur þekkt.

Því er mikilvægt að stjórnvöld sendi þau skilaboð til þeirra erlendu fjárfesta sem uppfylla skilyrði laganna um ívilnanir, að þeir séu boðnir velkomnir og að vilji sé til stuðnings við verkefni á uppbyggingartíma.

Reynslan af núverandi ívilnalöggjöf hefur að mati undirritaðs verið í stórum dráttum eftirfarandi:

-Mikilvægt er að löggjöf af þessu tagi sé til staðar þar sem slík tilvist laga ein og sér, staðfestir vilja yfirvalda til að laða að beina erlenda fjárfestingu.

-Álit þeirra fjárfesta sem hafa sótt um ívilnanir síðan árið 2010 er almennt séð jákvætt varðandi tilvist sjálfra laganna, þó í engu tilfelli ráði hinar fjárhagslegu ívilnanir úrslitum um fjárfestingarákvörðun. Í öllum tilfellum eru veittar ívilnanir langt undir þeim viðmiðum sem leyfilegt er skv. ákvæðum EES samnings.

-Ljóst er að byggja þarf upp meiri sveigjanleika í löggjöfina en nú er þannig að unnt sé að koma betur til móts við hagsmuni nýrra atvinnugreina sem hingað leita. Þetta á ekki síst við um þær skattalegu ívilnanir sem nú eru í boði.

-8.gr. og 12.gr. laganna hafa ekki verið virkjaðar á gildistímanum (ákvæði um stofnfjárstyrk og þjálfunarstyrk), þar sem ekki hefur verið áhugi eða geta til þess að virkja þessi ákvæði í gegnum fjárlög hvers árs. Því má segja að slík ákvæði séu fremur til óþurftar heldur en hitt, séu þau ekki virkjuð, þar sem erfitt hefur reynst að skýra út fyrir fjárfestum af hverju slík ákvæði séu til staðar, úr því borin von sé til þess að slíkir styrkir verði veittir.

Þó talið sé jákvætt í sjálfu sér að rýmka heimildir til ívilnana með þeim hætti sem hér er lagt til telur undirritaður eðlilegt að benda á ýmis atriði sem hafa beri í huga þegar mat er lagt á umræddar tillögur til breytinga ívilnalaganna:

-Núgildandi löggjöf er með sólarlagsákvæði. Lögin gilda til ársloka árið 2013 og því ljóst að þær breytingar sem lagðar eru til muni aðeins gilda út 2013. Eðlilegra væri að framkvæma heildarendurskoðun á löggjöfinni nú þegar í ljósi þeirrar reynslu sem af henni hefur hlotist og í tengslum við framkomnar tillögur að stefnumótun um beina erlenda fjárfestingu sbr. þingskjal 1497 frá 11.júní 2012. Litlar og tíðar breytingar valda spurn um stefnu stjórnvalda í þessum efnum og geta jafnvel leitt til frestunar framkvæmda ef ætla má að lögin verði endurskoðuð með enn jákvæðari hætti þegar heildarendurskoðun fer fram.

-Breytingartillögur við núgildandi frumvarp fela í sér tiltölulega takmarkaðar breytingar og eru varla í takti við þá reynslu sem af lögnum hefur hlotist að mati undirritaðs. Mikilvægt væri t.d. í þessu sambandi að horfa jafnframt til möguleika á skattaafslætti/niðurfellingu á fyrstu árum starfseminnar og/eða hliðstæðum afslætti í tilekinn árafjölda eftir að skattgreiðslur ættu að koma til.

-Þó ákvæði 12.gr. um þjálfunarstyrki sé enn inni í frumvarpinu, er ekki að sjá að lagt hafi verið til fjármagn í fjárlögum til slíkra ívilnana á árinu 2013. Þetta ákvæði verður því áfram óvirkt út gildistíma frumvarpsins. Þar sem eitt af markmiðum ríkisstjórnarinnar er að laða að fjölbreyttari beina erlenda fjárfestingu en hingað til hefur þekkt, er þetta sérlega bagalegt því nýjar atvinnugreinar (t.d. gagnaver, gróðurhúsaframleiðsla, þörungafframleiðsla, koltrefjafframleiðsla) þurfa einmitt hvað mest á því að halda að stutt sé við aðlögun og þjálfun vinnuafslisins í byrjun.

-Heildarendurskoðun á þeirri löggjöf sem tengist beinni erlendri fjárfestingu er afar brýn. Fjárfestingarvaktin, starfshópur skipaður af iðnaðarráðherra, nú atvinnuvega – og nýsköpunarráðherra hefur að beiðni atvinnuvega-og nýsköpunarráðuneytisins hafið skoðun á íslenskri löggjöf sem með einum eða öðrum hætti tengist samkeppnishæfni okkar við að laða að beina erlenda fjárfestingu. Áformað er að hópurinn skili heildstæðum tillögum um endurskoðun einstakra laga og lagaákvæða í febrúar eða mars mánuði. Væntanlega verða í þessu samhengi settar fram tillögur til úrbóta á sviði skattalöggjafar, löggjafar um eignarétt og leigu útlendinga hér á landi, laga um beina erlenda fjárfestingu, umhverfis og skipulagsmála og „expatriate“ og innflytjendalöggjafar. Sum þessara atriða hafa beina skírskotun og tengingu við endurskoðun ívilnalaganna og því er mikilvægt að endurskoðunin fari fram samhliða.

Þó vakin sé athygli á ofangreindum atriðum er þó á engan hátt lagt til að breytingartillögur þær sem fram koma á frumvarpinu, frestist eða taki ekki gildi. Hins vegar er áréttað að hér er að mati undirritaðs um óverulegar og tiltölulega þröngar breytingar á frumvarpinu að ræða og gera jafn brýnt og áður, að framkvæmd verði heildarendurskoðun af því tagi sem getið er um hér að framan.

Reykjavík 11. Janúar 2013

Þórður H. Hilmarsson
Forstöðumaður fjárfestingarsviðs Íslandsstofu



RÍKISSKATTSTJÓRI

Alþingi
Erindi nr. P 141/1132
komudagur 19.12.2012

Laugavegi 166 - 150 Reykjavík - Sími 563 1100
Fax 562 4440 - www.rsk.is - rsk@rsk.is

Alþingi, nefndarsvið
Kirkjustræti
150 REYKJAVÍK

Reykjavík, 19. desember 2012 R2012120025
T-ums 23/12


Umsögn ríkisskattstjóra um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 99/2010, um ívilnanir vegna nýfjárfestinga á Íslandi - 502. mál.


Ríkisskattstjóri hefur þann 18. desember 2012 móttengið tölvupóst þar sem embættinu er gefinn kostur á að veita umsögn um ofangreint þingmál.

Með frumvarpinu er m.a. lagt til að tekjuskattshlutfall þess lögaðila sem ívilnunar samningur er gerður við verði 18% í stað 20% sem nú er. Þá er að sama skapi lagt til að afsláttur af almennu tryggingagjaldi verði aukinn úr 20% í 50%. Þannig verði almennt tryggingagjald þess félags sem nýtur afsláttarins 50% lægra en það sem tryggingagjaldslög kveða á um.

Að mati ríkisskattstjóra er um pólitíska ákvörðun að ræða og af þeim sökum eru ekki gerðar athugasemdir við frumvarpið. Minnt er þó á mikilvægi þess að jafnræði aðila sé tryggt.

Virðingarfyllst


Skúli Eggert Þórðarson


Guðrún J. Jónsdóttir

From: Guðrún J. Jónsdóttir [<mailto:guðrun.j.jonsdottir@rsk.is>]

Sent: 15. febrúar 2013 21:02

To: Benedikt S. Benediktsson

Subject: Viðbót við umsögn ríkisskattstjóra vegna þingmáls 502 - Ívilnanir vegna nýfjárfestinga á Íslandi

Tilvísun í mál: R2012120025

Sæll Benedikt.

Þann 19. desember sl. sendi ríkisskattstjóri umsögn til atvinnuveganefndar Alþingis vegna frumvarps til laga um breytingu á lögum nr. 99/2010, um ívilnanir vegna nýfjárfestinga á Íslandi (502. þingmál).

Ríkisskattstjóri vill koma neðangreindu til viðbótar á framfæri við nefndina:

Í þeim samningum sem gerðir eru á grundvelli laga nr. 99/2010, um ívilnanir vegna nýfjárfestinga á Íslandi, eru nokkur ívilnandi ákvæði sem erfið eru í framkvæmd í núverandi kerfum embættisins. Sérstaklega á það við um ákvæði um lækkun **almenns** tryggingagjalds.

Nú er það svo að tryggingagjaldið er í raun samsett úr almennu tryggingagjaldi og atvinnutryggingagjaldi sbr. ákvæði 2. gr. laga nr. 113/1990. Í lögum nr. 99/2010 er heimilt að veita 20% afslátt af **almennu** tryggingagjaldi sem vegur þyngst í tryggingagjaldinu sbr. 3. mgr. 2. gr. laga nr. 13/1990, um tryggingagjald.

Í álagningarkerfum ríkisskattstjóra er lagt á stofninn ósundurliðaðan, þ.e. almenna tryggingagjaldið og atvinnutryggingagjaldið. Stofninn er einungis sundurliðaður niður á mánuði. Skipting álagningar á þau gjöld sem innifalin eru í tryggingagjaldi er hvorki gerð á framtali né í álagningu. Í álagningarvinnunni er þannig ekki hægt að koma þessari skiptingu við. Til þess að geta framkvæmt skiptinguna í tölvukerfum embættisins við álagningarvinnu og við síðari skattbreytingar, þannig að afslátturinn verði einungis veittur af almenna tryggingagjaldinu, þarf að fara út í verulega kostnaðarsama forritunarvinnu. Núverandi fyrirkomulag hefur haft í för með sér verulegt óhagræði fyrir ríkisskattstjóra og þau félög sem um ræðir. Æskilegra væri að afsláttur væri veittur af stofni til tryggingagjalds, þar með talið atvinnutryggingagjaldi. Til þess að um sambærilega ívilnun væri að ræða (miðað við núverandi skiptingu stofnsins) gæti afslátturinn átt að vera nálægt 13,89% í stað núverandi 20% afsláttar af almenna tryggingagjaldinu.

Vinsamlega staðfestið móttöku þessa tölvupóst.

Kveðja / Regard
Guðrún Jenný Jónsdóttir



Ríkisskattstjóri Reykjavík
Internal Revenue, Main Office Reykjavík

Alþingi
Erindi nr. P 141/1255
komudagur 16.1.2013



SAMTÖK ATVINNULÍFSINS

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10

150 REYKJAVÍK

Reykjavík, 15. janúar 2013

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 99/2010, um ívilnanir vegna nýfjárfestinga á Íslandi, 502. mál.

Atvinnuveganefnd Alþingis hefur óskað eftir umsögn Samtaka atvinnulífsins um ofangreint frumvarp. Með frumvarpinu er lagt til að heimildir til beins fjárstuðnings til fjárfestingaverkefna verði afnumdar. Þess í stað eru aðrar heimildir til ívilnana rýmkaðar í fjórum liðum.

Samtök atvinnulífsins hafa lagt höfuðáherslu á nauðsyn aukinnar fjárfestingar, einkum erlendra fjárfestingar, til að fjölga störfum og auka verðmætasköpun í landinu. Þær heimildir um ívilnanir sem í lögum er að finna eru langt undir þeim viðmiðum sem heimil eru skv. EES-samningnum. Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að felldir verði niður fjárfestingarstyrkir þar sem ekki hafi verið veitt fjárframlög á fjárlögum til slíkra styrkja. Oftar en ekki hefjast framkvæmdir ekki fyrr en þó nokkru eftir að samningar eru gerðir. Framkvæmdum fylgja alla jafnan verulegar tekjur bæði fyrir ríki og sveitarfélög. Í nágildandi lögum er einnig að finna ákvæði um heimild til þjálfunarstyrkja en ekki er gert ráð fyrir að þær heimildir verði felldar niður þótt ekki sé gert ráð fyrir þeim á fjárlögum ársins 2013. Samtökin telja rök í greinargerð með frumvarpinu um nauðsyn þess að fella niður heimild til fjárfestingarstyrkja ósannfærandi.

Lög nr. 99/2010 gilda einungis til ársloka 2013. Samtökin leggja áherslu á að nú þegar verði hafist handa við heildarendurskoðun á löggjöfinni í ljósi þeirrar reynslu sem af henni hefur hlotist og með tilliti til stefnumótunar í þingsályktun um beina erlenda fjárfestingu sem samþykkt var á Alþingi 11. júní 2012. Þar var ákveðið að ráðherra legði fyrir Alþingi „*tímasetta áætlun um aðgerðir til að bæta samkeppnisstöðu Íslands og efla markaðs- og kynningarstarf í því skyni. Þá verði mótaðar tillögur um samhæfða stjórnsýslu til að styðja við framangreind markmið.*“ Þessi áætlun og tillaga hefur enn ekki litið dagsins ljós.

Samtökin telja óheppilegt að margoft sé verið að breyta lögum um ívilnanir vegna nýfjárfestinga og að nauðsynlegt sé að um þetta gildi ákveðnar og skýrar reglur.

Samtökin leggjast því gegn samþykkt þessa frumvarps og leggja til að fyrst komi fram þingsályktunartillagan sem getið er að ofan og síðan verði beðið heildarendurskoðunar laganna sem ljúka hlýtur á árinu.

Virðingarfyllst,

F.h. Samtaka atvinnulífsins

Vilhjalmur Egilsson, framkvæmdastjóri



Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10

150 Reykjavík

Alþingi
Erindi nr. P 141/1308
komudagur 25.1.2013

Reykjavík, 23. janúar 2013

Efni: Tillögur til atvinnuveganefndar alþingis í kjölfar umsagnar Íslandsstofu og Samtaka atvinnulífsins um breytingu á lögum nr. 99/2010

Í framhaldi af fundi með atvinnuveganefnd þann 22. janúar sl. þar sem nefndin fór fram á tillögur um frekari úrbætur á endurskoðun laganna, eru eftirfarandi tillögur settar fram:

Möguleiki á skattaívilnunum verði gerði fjölbreyttari


- Niðurfelling tekjuskatts í allt að 5 ár eftir að rekstur hefst, verði möguleg.
- Hægt verði að veita skattaniðurfellingu í 3 ár eftir að skattskylda hefði átt að hefjast


Ákvæði um þjálfunarstyrki verði virkjað

- Yfirlýsing verð gefin af hálfu stjórnvalda um að allt að 500 milljónum verði veitt í þjálfunarstyrki í gegnum fjáráukalög á árinu 2013.

Yfirlýsing um afturvirkni við heildarendurskoðun

- Sett verði inn ákvæði í lögum um að þeir fjárfestingarsamningar sem gerðir verði á árinu 2013 muni njóta þeirra ívilnana sem í boði kunna að verða með nýjum ívilnanalögum, sem ganga í gildi í árslok 2013, að því gefnu að ívilnanir verði að einhverju leyti hagstæðari en núverandi lög kveða á um.


Halldór Arnason
Hagfræðingur SA


Þórður H. Hilmarsson
Forstöðumaður Íslandsstofu